



## Ársskýrsla deildar sjúkraliðameð sérnámi 2018 -2019

Á aðalfundi 19. nóvember 2018 fengum við tvo fyrirlesara til okkar, Dölla Gunnlaugsdóttur, sem sagði okkur frá því hvernig er að lenda í kulnun í starfi og var það ansi áhrifarík frásögn og fróðlegt fyrir okkur að hlusta á hana. Síðan hana Ragnheiði Guðfinnu Guðnadóttur, vinnusálfræðing, sem einnig ræddi um kulnun í starfi sem var líka fróðlegt og vakti okkur til umhugsunar hvað bæri að varast.

Engar útskriftir voru hjá sérdeildinni í fyrra og ekki núna í ár en vonandi fer að líða að framhaldsnámi fyrir sjúkraliða aftur. Í desember var sjúkraliðanemum færð blóm í tilefni útskriftar (árvis viðburður) og er alltaf ánægjulegt að vera viðstaddur þennan viðburð.

Útbúnir voru bæklingar um sjúkraliðanámið og sérnámið til að útdeila á vinnustaði til að upplýsa deildarstjóra og hjúkrunarfræðinga og annað starfsfólk um hvað námið feli í sér. Sjúkraliðar tóku að sér að koma þeim á rétta staði og gaman væri að fá að vita hvort eitthvað hafi komið út úr þessum fróðleik. Hægt er að nálgast bæklinginn á skrifstofu Sjúkraliðafélagsins.

Sjúkraliðanámið var kynnt fyrir grunnskólanemum og öðrum áhugasömum í Laugardalshöllinni 14. - 16. mars. Kynningin gekk vel og tók stjórn deildarinnar þátt í henni. Ánægjulegt var að sjá unga sjúkraliða kynna starfið og ná þannig betur til grunnskólanema.

Deildin bauð upp á samverudag þann 30. apríl 2019 og fórum við í heimsókn á Seltjörn, nýja hjúkrunarheimilið á Seltjarnanesi. Vel var tekið á móti okkur og sýndi Svanlaug Guðnadóttir húsnæðið, sem er mjög huggulegt, og starfsemin kynnt. Boðið var upp á dýrindis veitingar. Það er alltaf gaman og fróðlegt að sjá önnur heimili og vinnustaði.

Síðan var ferðinni heitið á hjúkrunarheimilið Sóltún þar sem ég (Þórdís) og Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri, tókum á móti gestum og sýndum húsið, starfsemina og hugmyndafræðin kynnt. Að lokum voru veitingar bornar fram.

Dagurinn heppnaðist í alla staði vel og allir ánægðir.



Það mætti vera betri mæting á viðburði hjá okkur þar sem við erum um 200 í deildinni en þennan dag mætti um 25 manns.

Stjórnin er búin að vera óbreytt síðast liðin tvö ár. Í henni hafa verið Guðmunda Steingrímsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Jakobína Rut Daníelsdóttir, Hulda Birna Frímansdóttir og Þórdís S. Hannesdóttir. Þessar dásamlegu konur sem ég er búin að starfa með eru duglegar, áhugasamar og mjög skemmtilegar.

Þakka ég ykkur öllum fyrir frábært samstarf og býð nýjan formann velkominn til starfa. Megi honum farnast vel í starfinu.

Þórdís S Hannesdóttir, fráfarandi formaður